

Góðan og blessaðan daginn og gleðilegt sumar.

Ég undirritaður rek ásamt eiginkonu minni og fyrirtæki okkar Jóhann Helgi & Co ehf Gistiheimilið "sveitahótel" Vatnsholt í Flóahreppi. Við keyptum jörðina Vatnsholt 2 árið 2005 og gerðum upp allan húsakost á jörðinni.

Í fjármálahruninu 2008 stóðum við mjög tæpt og tókum þá ákvörðun að flytja í kartöflugeymsluna í Vatnsholti og stofna Ferðapjónustuna Vatnsholt, sem við opnuðum árið 2010. Þetta hefur verið mikil barátta að byggja upp reksturinn og láta enda ná saman.

Við erum þannig staðsett að við erum eiginlega of langt frá þjóðveginum, Vík, höfuðborginni og... og... Þannig að við höfum þurft að hafa fyrir því að fá gestina til þess að gista hjá okkur. Við erum núna með 40 herbergi og veitingarhús í uppgerðu fjósi og hlöðu fyrir allt að 300 manns í sæti.

Við finnum fyrir styrkingu krónunnar og verðsamkeppni á þessu markaðssvæði sem er verðlega mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu og svæðinu í grennd við Vík og Jökulsárlón.

Forveri minn kom í fjósið í Vatnsholti, kvölds og morgna. Hann mjólkaði kúnna... Hann náði ekki að koma upp farsælu kúabúi þar sem það eru margir utanaðkomandi þættir sem þarf til þess að ná árangri svo að bóndinn geti séð sér og sínum farborða.

Ég og kona mín fórum í fjósið í Vatnsholti kvölds og morgna og reynum að mjólka kúnna...na... Hér eru einnig margir utanaðkomandi þættir sem þarf til að sá rekstur gangi vel. Forveri minn batt kúnna við básinn í fjósinu en ég má ekki binda kúnna...na mína þar.

Mínir eru frjálisir og eiga flestir samskiptatæki þar sem þeir geta séð hvort að grasið er grænna hinumegin við girðinguna eða landamærin? Ég tel að ef virðisaukaskattur á gistingu hækkir, muni það hafa neikvæð áhrif til lengri tíma. Ferðamaðurinn er oftast venjulegt fólk sem er í venjulegri vinnu, fær sitt sumarfrí, elskar sól og sumar, skoða eitthvað nýtt og vill fá mikið fyrir spariþeninginn sinn. Hann gerir verðsamanburð á internetinu...

Ég mótmæli þessari fyrirhuguðu hækkun á virðisaukaskatti á gistingu

P.s Hér er video og viðtal við heimilisfólkið á Vatnsholti. Tekið af Bubba Morteins og sýnt á Stöð 2 árið 2012 eða 2013

<https://www.youtube.com/watch?v=BbTDu1Or IU>

Best regards / Bestu kveðjur

Jóhann Helgi Hlodversson
Jóhann Helgi & Co
Vatnsholti 2
801 Selfoss Iceland